

FUNDARBOÐ

**1861. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn á fjarfundi, 6. janúar 2021 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1604501 - Skarðshlíð deiliskipulag 2. áfangi

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.desember sl.

Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa á fundi sínum þann 1. des. s.l. að taka saman greinargerð vegna athugasemda sem borist hafa vegna fjölgunar eigna í Skarðshlíðarhverfi. Lögð fram greinargerð skipulagsfulltrúa.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir tillögu að breyttu orðalagi greinargerðar skipulagsskilmála 2 áfanga og málsmeðferð fari skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

2. 1705014 - Skarðshlíð deiliskipulag 3.áfangi

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.desember sl.

Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa á fundi sínum þann 1. des. s.l. að taka saman greinargerð vegna athugasemda sem borist hafa vegna fjölgun eigna í Skarðshlíðarhverfi. Lögð fram greinargerð skipulagsfulltrúa.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir tillögu að breyttu orðalagi greinargerðar skipulagsskilmála 3 áfanga og málsmeðferð fari skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2009431 - Tinnuskarð 24, breyting á deiliskipulagi

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 29.desember sl.

Lögð fram ný deiliskipulagsbreyting, er nær til lóðarinnar við Tinnuskarð 24.

Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um eina (5 í stað 4), breyttum byggingarreit og bílastæðum. Gólfkóti er hækkaður um 0,5m, kóti í baklóð lækkaður um 1,35-1,5m. Með vísan í breytt orðalag almennra skilmála Skarðshlíðar 2. og 3 áfanga sem samþykkt var á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 15.12. s.l. er tillagan lögð fram.

Með vísan til samþykktar um breytt orðalag almennra skilmála Skarðshlíðar 2. og 3 áfanga sem samþykkt var á fundi skipulags- og byggingaráðs þann 15.12. s.l., samþykkir skipulags- og byggingarráð erindið og að málsmeðferð verði í samræmi við 43.gr. skipulagslaga. Jafnframt er erindinu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2012234 - Strandgata 9, deiliskipulagsbreyting

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 29.desember sl.
Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi sem eru í anda gildandi deiliskipulags, þar sem gert er ráð fyrir veitingarekstri á jarðhæð og íbúðum á efri tveimur hæðum. Sótt er um að minnka íbúðir og fjölga þeim, þannig að þær uppfylli skilyrði HMS um hlutdeildarlán. Byggingarmagn í kjallara og á 3 hæð eykst, en stærðir annarra hæða haldast nokkuð óbreyttar. Skipulags- og byggingarráð tók jákvætt í fyrirspurn sem kynnt var á fundi ráðsins þann 1. des. s.l.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir erindið og að málsmeðferð verði í samræmi við 43.gr. skipulagslaga og að tillagan verði kynnt á almennum íbúafundi. Jafnframt er erindinu vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 1802305 - Skíðasvæðin, framtíðarsýn, samstarfssamningur

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lagt fram erindi frá SSH dags. 8. desember sl., uppbygging á skíðasvæðunum.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð vísar framlögðum viðauka nr. II við ?Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018?, til afgreiðslu í bæjarstjórn.

6. 2011571 - Samþykkt um gatnagerðargjald í Hafnarfjarðarkaupstað

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lögð fram drög að breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald í Hafnarfjarðarkaupstað.

Bæjarráð samþykkir fyrirleggjandi drög að samþykktum og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

7. 2001388 - Fornubúðir 3

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lagt fram samkomulag við eigenda Fornubúða 3 vegna uppgjör bóta vegna bruna. Til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir fyrirleggjandi samkomulag og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

8. 1901438 - Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins, fyrirspurn

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
7.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 2.desember sl. Tekið fyrir að nýju.
Umhverfis- og framkvæmdaráð þakkar framkomið svar Vegagerðarinnar vegna beiðni ráðsins um kostnaðar og áhættumat vegna syðri hluta Bláfjallavegar (417-02) og Leiðarendavegar (402-01).
Framkomin gögn sýna að unnt er að gera endurbætur á þessari leið þannig að tryggt verði að umferðaröryggissjónarmið vegna vatnsverndar séu fullnægjandi telur umhverfis- og framkvæmdaráð mikilvægt að áréttu að heimild til lokunar var veitt tímabundið vegna forgangsröðunar verkefna í ljósi áforma um framkvæmdir á Bláfjallasvæðinu.

Umhverfis- og framkvæmdaráð ítrekar hér með ósk um kostnaðarmat vegna syðri hluta Bláfjallavegar(417-02) og Leiðarendavegar(402-01).
Umhverfis- og framkvæmdaráð vísar svari Vegagerðarinnar til bæjarráðs.

Bæjarráð tekur undir bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs og vísar málinu til bæjarstjórnar.

9. 2012091 - Völuskarð 26, umsókn um lóð

17.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lögð fram umsókn Jóns Valbergs Sigurjónssonar og Gundega Jaunlinina um lóðina nr. 26 við Völuskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina Völuskarð 26 og því dregið á milli umsækjenda. Fulltrúi sýslumanns dregur út nöfn Jóns Valbergs Sigurjónssonar og Gundega Jaunlinina. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Völuskarði 26 verði úthlutað til Jóns Valbergs sigurjónssonar og Gundega Jaunlinina.

10. 2012249 - Hádegisskarð 26, umsókn um lóð

19.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lögð fram lóðarumsókn Bjarnýjar Bjargar Arnórsdóttur og Harðar Más Harðarsonar um lóðina nr. 26 við Hádegisskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina Hádegisskarð 26 og er því dregið á milli umsækjenda. Fulltrúi sýslumanns dregur út nöfn Bjarnýjar Bjargar Arnórsdóttur og Harðar Más Harðarsonar. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni Hádegisskarði 26 verði úthlutað til Bjarnýjar Bjargar Arnórsdóttur og Harðar Más Harðarsonar.

11. 2012271 - Hádegisskarð 26 og 31, umsókn um lóð

20.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lögð fram umsókn Hamrabergrs ehf um lóðirna nr. 26 og 31 við Hádegisskarð.

Tvær umsóknir bárust um lóðina Hádegisskarð 26 og er því dregið á milli umsækjenda. Fulltrúi sýslumanns dregur út nöfn Bjarnýjar Bjargar Arnórsdóttur og Harðar Más Harðarsonar. Umsækjendur tilgreindu varalóðir Drangsskarð 13 og Hádegisskarð 22.
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðunum Drangsskarði 13 og Hádegisskarði 22 verði úthlutað til Hamrabergrs ehf.

12. 2011423 - Völuskarð 21, umsókn um lóð

21.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lögð fram umsókn Jóhanns Ögra Elvarssonar, Rutar Helgadóttur, Birgis Kristjánssonar og Kristínar Erlu Þórisdóttur um lóðina nr. 21 við Völuskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni við Völuskarð 21 verði úthlutað til Jóhanns Ögra Elvarssonar, Rutar Helgadóttur, Birgis Kristjánssonar og Kristínar Erlu Þórisdóttur.

13. 2012061 - Malarskarð 18-20, umsókn um lóð

22.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lögð fram umsókn HSO bygg ehf. um lóðina nr. 18-20 við Malarskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni við Malarskarð 18-20 verði úthlutað til HSO bygg ehf.

14. 2012062 - Malarskarð 12-14, umsókn um lóð

23.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Lögð fram umsókn HSO bygg ehf. um lóðina nr. 12-14 við Malarskarð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni við Malarskarð 12-14 verði úthlutað til HSO bygg ehf.

15. 1912241 - Völuskarð 16, umsókn um lóð, úthlutun, felld niður

24.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
Afturköllun á úthlutun lóðar.

Bæjarráð samþykkir afturköllun á úthlutun lóðar og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2004407 - HS Veitur hf, sala hlutabréfa

Til umræðu.

18. 1709249 - Samþykktir um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, síðari umræða.

4.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 16.desember sl.
2.liður úr fundargerð forsetanefndar frá 14.desember sl.
Farið yfir endurskoðun samþykktar og viðauka. Til afgreiðslu.

Drögum að breyttri Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar ásamt viðauka vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Við fundarstjórn tekur Adda María Jóhannsdóttir 1. varaforseti bæjarstjórnar.

Til máls tekur Kristinn Andersen.

Þá tekur Kristinn við fundarstjórn á ný.

Forseti ber næst upp tillögu um að fyrirliggjandi samþykkt ásamt viðauka verði vísað til síðari umræðu og er tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðir

17. 2001041 - Fundargerðir 2020, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 15. og 29.desember sl.
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 16.desember sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 15.desember sl.
a. Fundargerðir íþróttá- og tómstundanefndar frá 9.desember sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 17.desember sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 2.desember sl.
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 10.desember sl.
c. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 12. og 20.nóvember sl.
d. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 20.nóvember sl.
e. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11.desember sl.
Fundargerð forsetanefndar frá 4.janúar sl.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri